

Alþingi
Erindi nr. P 138/366
komudagur 1.12.2009

Reykjavík 30. nóvember 2009

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013

Samtök ferðaþjónustunnar eru í meginatriðum sammála þingsályktunartillögunni þar sem stór hluti íslenskrar ferðaþjónustu felur í sér umgengi og skoðun á náttúru landsins, dýralífi og plöntum. Mikilvægt er að aðgengi ferðamanna að þessum perlum Íslands verði með besta móti í þeim tilgangi að verja náttúruna og efla ferðaþjónustuna.

Samtökin fagna stækkun Vatnajökulþjóðgarðs en þó verður að hafa í huga að sú ferðaþjónustustarfsemi sem þar er eða gæti orðið fái svigrúm til athafna innan þjóðgarðsins.

SAF vilja þó koma á framfæri einni athugasemd við þingsályktunartillöguna og felst hún í því að í kjölfar aðalfundar SAF árið 2006 var umhverfisráðherra send ályktun þar sem skorað var á ráðherra að beita sér þegar í stað fyrir því að friðlandið að Fjallabaki verði stækkað og gert að einni skipulagsheild. Einnig var í sömu ályktun skorað á ráðherra að hefja undirbúning á því að stofnaður verði þjóðgarður á svæðinu sem er einstakt á heimsvísu. Í kjölfar aðalfundar SAF í apríl 2009 var ráðherra send ályktun þar sem svæðið að Fjallabaki var skilgreint nánar ásamt því að fyrri áskoranir til ráðherra um að veita ekki rannsóknaleyfi til virkjana á svæðinu voru ítrekaðar. Ekkert er í þingsályktunartillögunni fjallað um Fjallabak en það er eitt af mikilvægustu svæðum ferðaþjónustu Íslands og því er mikilvægt að þetta svæði sé hluti af þeirri náttúruverndaráætlun sem til umræðu er.

Mikilvægt er að samráð sé haft með SAF og ferðaþjónustuaðilum þegar ákvarðanir eru teknar um markmið friðlýsingar, afmörkun svæðis og friðlýsingaskilmála sem fela í sér takmarkanir á athöfnum manna.

Einnig telja Samtök ferðaþjónustunnar mikilvægt að eftirfylgni áætlunarinnar sé mikilvæg þar sem kynning á friðlýstum svæðum verði til að auka þekkingu og gefur viðkomandi svæði meira gildi.

Virðingarfyllt

Gunnar Valur Sveinsson
Verkefnastjóri

Hjálagt:
Ályktun aðalfundar SAF árið 2006 og árið 2009 um Fjallabak

Ályktun: Rannsóknarleyfi vegna virkjana að Fjallabaki

Fjallabakssvæðið frá Heklu í suðri, Hrauneyjum í norðri og að Lakagígum í austri er einstakt á heimsvísu og mjög mikilvægt fyrir ferðaþjónustuna. Í ljósi þess skorar aðalfundur Samtaka Ferðaþjónustunnar haldinn 6. apríl 2006 á iðnaðarráðherra að veita ekki rannsóknarleyfi til virkjunar jarðhita eða vatnsafls að Fjallabaki. Framkvæmdir sem fylgja rannsóknum geta skaðað hagsmuni ferðaþjónustunnar á svæðinu verulega. Einnig skorar fundurinn á iðnaðarráðherra að hafa fullt samráð við samtökin við gerð síðari hluta Rammaáætlunar. Jafnframt þarf að tryggja að farið verði eftir niðurstöðum áætlunarinnar varðandi framtíðar virkjanasvæði.

Ályktun: Frá Jökulheimum til Mýrdals-og Eyjafjallajökla.

Stofnun Vatnajökulspjóðgarðs hefur beint sjónum margra að öllu svæðinu frá Jökulheimum í norðri til Mýrdals-og Eyjafjallajökla í suðri og frá Vatnajökulspjóðgarði í austri til Köldukvíslar í vestri. Í daglegu tali er stærsti hluti svæðisins kallaður Fjallabak.

Þetta svæði er af flestum talið jarðfræðilega einstakt á heimsvísu. Samspil vegsummerkja elds og íss, hrauns og jökla auk einstakrar litadýrðar jafnt í jarðvegi og gróðri vekur einlæga aðdáun allra sem heimsækja svæðið og minnst þess æ síðan.

Aðalfundur Samtaka ferðapjónustunnar, haldinn 27 mars 2009, ítrekar fyrri áskorun til iðnaðarráðherra að veita ekki rannsóknarleyfi til virkjunar jarðhita eða vatnsafls að Fjallabaki.

Jafnframt bjóðast Samtök Ferðapjónustunnar til að koma að nauðsynlegri vinnu í samstarfi við stjórnvöld, heimamenn og alla hagsmunaaðila við að skipuleggja svæðið með það að markmiði að sjálfbær ferðapjónusta geti dafnað þar um ókomin ár.